

4731196



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 29 eh. • 710 Seyðisfirði • Sími 472 1690 • Fax 472 1691 • Netfang ssa@ssa.is • www.ssa.is

Alþingi

Erindi nr. p 135/2870

15.05.08

komudagur 16.5.2008

Samgöngunefnd Alþingis

Alþingi

150 Reykjavík

Efni: Umsögn Samgöngunefndar SSA um tillögu til þingsályktunar um vliðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010.

Samgönguáætlun 2007-2010, var samþykkt sem þingsályktun frá Alþingi 17. mars 2007. Viðauki við hana er hér sér dagsins ljós felur í sér ýmis ánægjuleg skref til flýtingar á nauðsynlegum framkvæmdum í samgöngukerfi landsmanna hvort heldur er á láði, legi eða lofti.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi telur að lokinni yfirferð nauðsynlegt að gera nokkrar athugasemdir við þingsályktunartillöguna og vill beina þeim tilmælum til samgönguyfirvalda og Alþingis að taka tillit til þeirra athugasemda eins og frekast er kostur áður en þingsályktunartillagan verður afgreidd frá Alþingi.

1) Bundið slitlag á Hringveginn.

Sérstök fjárveiting verði sett inn í áætlunina til þess að ljúka við lagningu bundins slitlags á alla þá kafla á hringveginum sem ekki hefur verið lokið við að binda bundnu slitlagi. Í þessu tilliti hlýtur að teljast algjört forgangsverkefni að því verði lokið á tímabili áætlunarinnar.

2) Endurnýjun bundinna slitlaga og endurbætur og styrkingar stofn- og tengivega.

Verulega auknu fjármagni verði varið til endurnýjunar bundinna slitlaga, styrkingar og endurbóta á stofn- og tengivegum með bundnu slitlagi. Eins og kunnugt er hefur umferð aukist gífurlega um vegi landsins og nú er svo komið að nánast allir þungaflutningar eru komnir á vegakerfið eftir að strandsiglingar voru lagðar niður. Miðað við allt það slit sem slíkir flutningar hafa í för með sér og þess að stór hluti vegakerfisins er kominn til ára sinna er brynt að fjármagn til endurnýjunar þessara þátta verði aukið til muna.

Að öðrum kosti þarf að skoða fýsileika þess að þungaflutningar verði aftur fluttir á sjó.

3) Jarðgöng.

Ánægjulegt er að sjá að sérstakar fjárveitingar eru settar inn til viðbótar í jarðgangakafla viðaukans alls að fjárhæð 3.400 millj. kr. á árunum 2008-2010 til Dýrafjarðarganga, Norðfjarðarganga og Vaðlaheiðarganga.

4731196



SSA telur þó óásættanlegt að engar fjárveitingar séu settar til rannsókna og undirbúnings á næstu göngum á Austurlandi til samræmis við samþykktir aðalfunda landshlutasamtakanna um þessi mál. Mjög brýnt er að sérgreindar verði sérstakar rannsóknar- og undirbúningsfjárveitingar til jarðganga milli Vopnfjarðar og Héraðs annars vegar og hins vegar til ganga á Miðausturlandi. Slíkar fjárveitingar hafa gífurlega þýðingu fyrir tiltrú fólks á þessum stöðum um góðar og öruggar samgöngur milli svæða í framtíðinni, sem er grundvöllur fyrir því að byggðaðróun- og samvinna svæðanna geti dafnað með eðlilegum hætti. Höfuðáhersla er lögð á að slíkar fjárveitingar verði sérmerktar á áætlunartímabilinu. Meðfylgjandi er samþykkt síðasta aðalfundar SSA um jarðgangamál frá 2007.

- 4) **Flugmál.** Óskað er eftir því að fjárveitingar verði settar inn í viðaukann til lengingar flugbrautarinnar á Egilsstaðaflugvelli. Lengja þarf flugvöllinn í 2.700 m og gera hann þannig úr garðiað hann uppfylli ýrtrustu kröfur sem millilandaflugvöllur. Þá er mælt til að tryggt verði að flugvöllurinn á Hornafirði fái stöðu millilandaflugvallar til þess að geta sinnt ferju- og einkaflugi.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðjum f.h. SSA

Þorsteinn Steinsson, form.
Samgöngunefndar SSA

4731196

Fylgirit; Samþykkt aðalfundar BSA 2007
um jarðgangamál.

Page 2 of 3

↓
Jarðgöng2007

a. Í jarðgangamálum vill fundurinn lýsa yfir ánægju sinni með flýtingu Norðfjarðarganga. Jafnframt er bent á að margítrekað hefur Sambandið ályktað um að næstu jarðgöng á Austurlandi eigi að vera Norðfjarðargöng og Vopnafjarðargöng. Brynt er því að fjármagni verði veitt í áframhaldandi rannsóknir vegna Vopnafjarðarganga.

b. Lögð er áhersla á að það hafi verið skilningur sveitarstjórnarmanna á Austurlandi, að Lónsheiðargöng væru sértek aðgerð og staða þeirra á samgönguáætlun ætti ekki að hafa áhrif á aðrar framkvæmdir í fjórðungnum.

c. Fundurinn lítur svo á að Norðfjarðargöng verði fyrsti hluti svokallaðra Miðfjarðarganga sem eru jarðgöng frá Eskifirði um Norðfjörð, Mjóafjörð, Seyðisfjörð til Héraðs. Því þurfi að tryggja fjármagn til áframhaldandi rannsókna og undirbúnings þessa verkefnis.

15.05.08

